

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Akranesi, 6. febrúar 2014.

Efni: Umsögn lögreglustjórafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögregluögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaðar embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur). Þingskjal 459 – 251. mál.

Frumvarp þetta hefur áður verið lagt fram á 138., 139., 140. og 141. Alþingi. Frumvarpið hefur mikið verið rætt og tekið breytingum á milli þinga. Margir félagar í Lögreglustjórafélagi Íslands eru hlyntir þessum breytingum þó uppi séu ólík sjónarmið. Telja flestir félagsmenn að mikilvægt sé að löggin taki gildi 1. janúar 2015, eins og gert er ráð fyrir. Sá langi tími, sem undirbúningur breytinga á skipan lögregluumdæma hefur tekið, hefur dregið þrótt úr starfsmönnum lögglunnar.

1. Athugasemd er gerð við 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins þar segir: „*Umdæmamörk lögregluembætta skulu ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæmum og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.*“

Telur félagið að hér ætti að bætast við áskilnaður um samráð við viðkomandi lögreglustjóra til samræmis við frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Greinin orðist svo:


Umdæmamörk lögregluembætta skulu ákveðin í reglugerð sem ráðherra setur með hliðsjón af skipulagi annarrar opinberrar þjónustu í umdæmum og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi lögreglustjóra.“

2. Athugasemd er gerð við 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins en þar er gerð sú tillaga að ríkislögreglustjóri skipi yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn en lögreglustjóri skipi aðra lögreglumenn innan síns embættis. Í greinargerð er þess getið að rökin fyrir því að færa ekki allar skipanir að fullu til embættanna í einu lagi séu annars vegar þau að heppilegra sé að gera breytingar að þessu leyti í áföngum og hins vegar það sjónarmið að mikilvægt er að haldið sé á skipunarmálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti eftir að hin nýju sameinuðu embætti taki til starfa. Lögreglustjórafélagið mælir með því að skrefið verði tekið til fulls og að allar skipanir lögreglumanna verði færðar til lögreglustjóra. Rökin í greinargerðinni með frumvarpinu er varða ráðningu lögreglumanna eiga jafnt við um yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Slíkt fyrirkomulag undarstríkar stjórnunarheimildir lögreglustjóra innan lögglunnar og gerir boðleiðir skýrari. Þá er eðlilegt að sá, sem ber ábyrgð á störfum allra lögglumanna í sínu löggluliði, skipi

Lögreglustjórafélag Íslands

þá til starfa. Þá má gera ráð fyrir að með stækkun lögregluliðanna myndist meiri sérhæfing við skipun og setningu í störf.

Virðingarfyllst,



Halla Bergþóra Björnsdóttir
formaður Lögreglustjórafélags Íslands